

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 334/2007

2009/EES/37/12

frá 28. mars 2007

## um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu (1), einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 skulu framleiðsluvörur, hlutar og búnaður fullnægja kröfum um umhverfisvernd í 16. viðauka við samþykktina um alþjóðaflugmál (hér á eftir nefnd Chicago-samningurinn) í útgáfunni frá mars 2002, að því er varðar I. bindi, og nóvember 1999, að því er varðar II. bindi, að undanskildum viðbættum hans.
- 2) Gerðar hafa verið breytingar á Chicago-samningnum og viðaukum við hann eftir að reglugerð (EB) nr. 1592/2002 var samþykkt.

3) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1592/2002 í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 54. gr. sömu reglugerðar.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndar Flugöryggisstofnunar Evrópu sem komið var á fót með 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 komi eftirfarandi:

„1. Framleiðsluvörur, hlutar þeirra og búnaður skulu fullnægja kröfum um umhverfisvernd í 8. breytingu I. bindis og í 5. breytingu II. bindis í 16. viðauka við Chicago-samninginn í útgáfunni frá 24. nóvember 2005, að undanskildum viðbættum við 16. viðauka.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. mars 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 88, 29.3.2007, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2007 frá 6. júlí 2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60, 13.12.2007, bls. 26.

(1) Stjtið. EB L 240, 7.9.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1701/2003 (Stjtið. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 5).